

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

*Deiliskipulag, greinargerð og umhverfisskýrsla er varðar lóð úr landi Kross, Ölfusi, fyrir íbúðarhús og skemmu.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 30. október 2008 samþykkt deiliskipulag fyrir lóð úr landi Kross fyrir íbúðarhús og skemmu, Ölfusi. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagið nær til byggingarreits úr landi Kross í Ölfusi fyrir eina íbúðarhúsalóð og skemmu. Aðkoma að lóðinni er frá heimreiðinni sem fyrir er að gamla bænum að Krossi sem skemmdist í jarðskjálftanum í maí 2008 en verður síðan um tengiveg sem mun liggja með Suðurlandsvegi. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 27. desember 2010.*

**Sigurður Jónsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. janúar 2011